

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 50/2010

frá 30. apríl 2010

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2010 frá 29. janúar 2010 ⁽¹⁾.
- 2) XII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/44/EB frá 6. maí 2009 um breytingu á tilskipun 98/26/EB um endanlegt uppgjör í greiðsluuppgjörskerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf og tilskipun 2002/47/EB um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir að því er varðar tengd kerfi og skuldaviðurkenningar ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 16b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB) í IX. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32009 L 0044**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/44/EB frá 6. maí 2009 (Stjtið. ESB L 146, 10.6.2009, bls. 37).“

2. gr.

Eftirfarandi bætist við í 4. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB) í XII. viðauka við samninginn:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 101, 22.4.2010, bls. 19, og EES-viðbætur nr. 19, 22.4.2010, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45, og EES-viðbætur nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 146, 10.6.2009, bls. 37.

„eins og henni var breytt með:

- **32009 L 0044**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/44/EB frá 6. maí 2009 (Stjtíð. ESB L 146, 10.6.2009, bls. 37).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Orðin „í skilningi 1. gr. og 2. og 3. mgr. 2. gr. viðaukans við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreiningu á örfyrirtækjum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum“ í stafl. c) í 4. mgr. 1. gr. gilda ekki.“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/44/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
A. Seatter
formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.